

# Nemakönnun apríl, 2019

## Samantekt helstu niðurstöður

Þessi könnun var gerð fyrir stjórn FLE sem er að meta hvað búast megi við mikilli þátttöku í löggildingarpróf á næstu 3-5 árum og hvaða álit fólk hefur á fyrirkomulagi prófa. Þá er stjórnin enn fremur að velta fyrir sér nemaaðild sem FLE býður upp á með það í huga hvort og hvernig auka megi hana og bæta. Könnunin sem stóð frá fimmtudegi 28. mars til föstudags 5. apríl, náði til 135 nema á skrá sem félagið heldur fyrir Endurskoðendaráð, þar af eru 25 sem hafa nemaaðild að FLE. Niðurstöður eru byggðar á svörum frá 104.

1. Í upphafi voru þátttakendur spurðir um hvort þeir væru namar samkvæmt ráðningarsamningi en 34 svöruðu því játandi. Þá kom einnig fram að flestir þ.e. 34 hafa verið namar í 1-3 ár.
2. Spurðir um hvort/hvenær þeir ætli í löggildingarprófið þá voru 19 ákveðnir í að fara í ár og 16 eftir 2 ár. Aðrir stefndu á prófið en höfðu ekki tekið ákvörðun hvenær.
3. Spurningu um hverjar helstu ástæður þess að viðkomandi ætlaði í löggildingarprófið þá merktu flestir (75) við að þeir hefðu einlægan áhuga á starfinu, næst á eftir (65) var að dyr opnuðust í önnur störf, þriðja valið (60) snérist um betri laun og að lokum (40) möguleiki á að verða eigandi.
4. Hér var spurt um ástæður þess að fara ekki í löggildingarprófið. Flestir (25) nefndu álag vegna undirbúnings og óttann (21) um niðurbrot ef það tækist ekki að ná prófinu. Færri merktu við að fjölskylda og einkalíf (19) væri í fyrirrúmi og langan vinnutíma (16). Þátttakendum var gefinn kostur á að svara frá eigin brjósti og komu athugasemdir um framkvæmd prófsins, að erfitt sé að ná ef viðkomandi er á lítilli stofu og erfiðleikar við að komast að sem nemi á endurskoðunarstofu. Þá er efast um hlutlaust mat á niðurstöðum og vöntun á prófsýningu. Að lokum segist einn hafa fallið á prófinu og varð það viðkomandi mikill álitshnekkir.
5. Svárið hjá flestum um bestu tímasetningu prófa var það að október (55) hentaði best, næst á eftir kom nóvember (26).
6. Aðspurð um prófafjölda þá vildu 63 hafa þrjú eða fleiri próf, 23 vildu hafa tvö próf og 18 vildu hafa þetta óbreytt þ.e. eitt próf dreift á 2 daga.
7. Næstu tvær spurningar snéru að nemaaðild, en af 104 sem svöruðu voru 22 með aðild, 12 fannst það gagnlegt en 25 fannst þeir fá lítið út úr aðildinni. Hér virðist gæta einhvers misskilnings því mun fleiri svara en um gagnsemina en segjast vera með aðild.
8. Þá gafst þátttakendum tækifæri til að svara spurningu um aðkomu FLE að löggildingarprófum. Það sem oftast var nefnt var: halda fleiri undirbúningsnámskeið og aðstoða og styðja nema með æfingaprófgögnum, yfirferð, undirbúningi og jafnvel

„prófbúðum“. Eins að jafna/samræma aðstöðu/tækifæri nema og tryggja að prófin séu fagleg.

9. Í lokin þá gátu þátttakendur komið á framfæri við FLE eigin hugsunum um málefnið og nýttu 27 sér það, stundum í löngu og jafnvel tilfinningaþrungnu máli. Flestar athugasemdir snéru að fyrirkomulagi, framkvæmd og tímasetningum prófanna.

- Próf séu of löng og próftími jafnvel framlengdur –í allt að 9 tíma og sé því mikið álag, fólk hreyfir sig ekki, fær ekki matartíma eða pásu og tímapressan sé of mikil. Þetta fyrirkomulag veldur stressi og endurspeglar ekki getu fólks til að verða góðir endurskoðendur. Utanaðlærdómur, pappírsgögn og lítil raf-/tæknivæðing prófanna er gagnrýnd.
- Tímasetningar hvenær og hvort próf eru haldin – hefur áhrif á starfsframa og ákvarðanatöku um að fara í próf. Bent á að mikilvægt sé að hægt sé að þreyta prófið árlega. Þá er bent á að skilafrestir til RSK hafi breyst og það hefur í för með sér styttri upplestartíma og meira álag. Þá er stungið upp á því að dreifa prófunum á fleiri daga – jafnvel yfir árið, hafa fleiri skilgreinda, afmarkaða prófhluta og að menn geti tekið upp þá prófhluta sem þeir falla í.
- Ýmislegt er nefnt t.d. að skoða hvað gert er í nágrennalöndum, hvernig framkvæmdin er hjá öðrum löggiltum stéttum hér á landi og að kostnaður sé of hár. Þá er ýjað að því að framkvæmdin taki mið af hvað henti best stórum endurskoðunarfyrirtækjum.